

## Starfsreglur fyrir fræðslunefnd KSÍ

### 1.gr.

Fræðslunefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð um knattspyrnuþjálfara og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Fræðslunefnd skal skipuð a.m.k. 5 mönnum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands skal tilnefna einn fulltrúa í nefndina.

### 2.gr.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Starfsmaður nefndarinnar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til starfsmanns hennar á skrifstofu KSÍ sem tekur það til afgreiðslu.

### 3.gr.

Fræðslunefnd hefur umsjón með og skipuleggur fræðslumál KSÍ og annast sér í lagi menntun knattspyrnuþjálfara og leiðtoga. Nefndin skal vera einnig vera vettvangur nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu.

### 4.gr.

Helstu verkefni fræðslunefndar eru eftirfarandi:

- Að hafa umsjón með menntun knattspyrnuþjálfara.
- Að halda reglulega námskeið fyrir knattspyrnuþjálfara.
- Að hafa umsjón með menntun kennara á þjálfaranámskeiðum KSÍ.
- Að halda skrá yfir alla þá sem lokið hafa þjálfaramenntun hér á landi eða erlendis.
- Að annast endurmenntun þjálfara.
- Að gæta þess að kröfur í þjálfunarsáttmála UEFA séu uppfylltar.
- Að halda gagnagrunn um íslenska knattspyrnuþjálfara.
- Að fylgja eftir stefnuyfirlýsingu KSÍ um þjálfun barna og unglinga og annast endurskoðun hennar.
- Að stuðla að útrýmingu fordóma og mismununar í knattspyrnu hvort heldur sem er á grundvelli, útlits, kynferðis, kynþáttar, litarháttar, kynhneigðar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annarra aðstæðna.
- Að hafa umsjón með útgáfu fræðsluefnis um knattspyrnu og knattspyrnuþjálfun.
- Að hafa umsjón með útgáfu og endurskoðun Kennslu- og æfingaskrár KSÍ.
- Að standa fyrir leiðtogamenntun og annast útgáfu námsefnis.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi með áherslu á samstarf Norðurlanda.
- Að afla og miðla upplýsingum um þjálfun og námskeið erlendis.
- Að vera umræðuvettvangur um framfarir og þróun í íslenskri knattspyrnu.
- Að standa fyrir rannsóknnum í tengslum við íslenska knattspyrnu og knattspyrnuþjálfun.
- Að vera aflvaki nýrra hugmynda og þróunar í íslenskri knattspyrnu.
- Að standa fyrir samstarfi við landsliðsþjálfara Íslands og efna til funda þeirra á meðal a.m.k. einu sinni á ári.

5.gr.

Fræðslunefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

6.gr.

Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

7.gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi og falla þar með úr gildi eldri starfsreglur fræðslunefndar KSÍ.

*Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007*